Fullgild rafræn undirskrift
KRISTÍN LINDA ÁRNADÓTTIR
Kennitala: 050971-5469
2026-10-27 16:34:10 GMT
Ástæða: Undirskrift

Landsvirkjun

VR
Kringlunni 7
103, Reykjavík

Reykjavík, 27. október 2026
E-2026-189/00.05

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar um verðhækkanir í tengslum við kjarasamninga

Ágætu fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar.

Stjórn Landsvirkjunar þakkar erindið og hefur falið forstjóra að svara erindinu. Stjórnin tekur undir mikilvægi þess að öll leggi sitt af mörkum til að draga úr efnahagslegum óstöðugleika og verðbólgu.

Í því samhengi er þó mikilvægt að hafa í huga hlutverk Landsvirkjunar og stöðu fyrirtækisins á raforkumarkaði. Landsvirkjun er orkuframleiðandi sem starfar á samkeppnismarkaði og selur raforku annars vegar til stórnotenda og hins vegar í heildsölu til raforkusölufyrirtækja. Landsvirkjun selur ekki raforku beint til heimila eða smærri fyrirtækja og ákveður því ekki smásöluverð raforku til neytenda.

Landsvirkjun ber jafnframt, sem fyrirtæki á samkeppnismarkaði, að haga viðskiptum sínum og verðlagningu í samræmi við þær samkeppnisreglur sem um markaðinn gilda. Stjórnin telur að framlag Landsvirkjunar til efnahagslegs stöðugleika felist fyrst og fremst í ábyrgum og hagkvæmum rekstri, skynsamlegri uppbyggingu raforkukerfisins og því að stuðla að nægu og öruggu framboði raforku til framtíðar.

Landsvirkjun mun áfram axla þá ábyrgð af festu, með langtímahagsmuni íslensks samfélags að leiðarljósi.

Virðingarfyllst,
Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Iceland

landsvirkjun.is
+354 515 90 00